

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. (2. gr.)

Við 6. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sérverslunum með tóbak, þ.e. verslunum sem einkum hafa tóbak og reykfæri á boðstólum, er þó heimilt að koma tóbaki og vörumerkjum tóbaks þannig fyrir innan verslunar að það sé sýnilegt viðskiptavinum þegar inn í verslunina er komið.

b. (3. gr.)

11. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Til að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Til reksturs sérverslunar með tóbak þarf jafnframt sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Auðkenna skal sérverslun með tóbak sérstaklega. Leyfi samkvæmt þessari grein skulu veitt til fjögurra ára í senn og verða einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer samkvæmt lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti. Ráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt þessari grein, m.a. um umbúnað sérverslana með tóbak, hvernig þær skuli auðkenndar og hvernig koma megri tóbaki og vörumerkjum tóbaks fyrir á útsölustöðum og í sérverslunum.

2. Við 2. gr.

a. Síðari málslíður a-liðar orðist svo: Sama gildir um tilsvarenda svæði utan húss séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi.

b. C-liður orðist svo: 6. mgr. orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum, m.a. hvað varðar svæði utan dýra, sbr. 1. mgr.